um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Aftan við 3. tölul. 4. gr. laganna komi svo hljóðandi málsliður: Ekki má leggja útsvar á skattfrjálsar sparifjárinnstæður aðila né vexti af þeim innstæðum (sbr. III. kafla laga um tekju- og eignarskatt).

2. gr.

Aftan við 21. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Skylt er niðurjöfnunarnefnd að leggja fram með útsvarsskrá skýrslu um þær reglur, sem hún hefur farið eftir við álagningu útsvaranna, svo sundurliðaða og skilmerkilega, að hver gjaldandi eigi að geta reiknað út útsvar sitt. Einnig er niðurjöfnunarnefnd skylt að gefa sérstaklega hverjum gjaldanda, sem þess krefst nákvæmar, sundurliðaðar upplýsingar um það, hvernig útsvar hans er á lagt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvara 1954.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin leggur frumvarpið fram að tilhlutun skattamálanefndar þeirrar, er skipuð var 1952 að fyrirmælum Alþingis.

Nefndin hefur haft til athugunar — auk löggjafarinnar um beina skatta til ríkissjóðs — löggjöf um tekjuöflun sveitarfélaga og verkaskiptingu milli ríkisins og sveitarfélaga.

Enn hefur nefndin hvorki skilað áliti né heildartillögum, en telur nauðsynlegt, að sett séu á þessu þingi lagaákvæði þau, er frumvarpið inniheldur, og hefur ríkisstjórnin fallizt á það.

Til skýringar á efni frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt. Samkv. því frumvarpi eru tilteknar sparifjárinnstæður í bönkum, sparisjóðum og löglegum innlánsdeildum félaga, gerðar skattfrjálsar, svo og vextir af þeim innstæðum. Þetta er gert til þess að örva sparifjársöfnun. Ekki næði það skattfrelsi tilgangi sínum, ef útsvör mætti leggja á þessar eignir og tekjur eftir sem áður — eða jafnvel hækka útsvarsálagninguna vegna bættra „ástæðna" gjaldenda fyrir það, að sköttum til ríkissjóðsins væri létt af innstæðum þeirra og vöxtum. Er þar af leiðandi lagt til í greininni að undanþiggja útsvarsálagningu skattfrjálsar sparifjárinnstæður og vexti af þeim og skírskotað til ákvæða tekju- og eignarskattslaga, er taka fram, hverjar innstæður og hvaða vextir þetta eru.

Um 2. gr.

II. kafli laga nr. 66 1945, um útsvör, er um útsvarsskyldu. 1. gr. hans (4. gr. laganna) hefst á þessari setningu: „Útsvar skal leggja á eftir efnum og ástæðum." Þessi setning er lagagrundvöllur sá, er gildir um álagningu útsvara.

Engar ákveðnar reglur eru lögskipaðar, sem niðurjöfnunarnefndir reikni útsvörin út eftir og gjaldendur geti prófað útsvör sín með. Kvarta margir gjaldendur að vonum yfir þessu og telja örðugt af þessum sökum að leita réttar síns um leiðréttingu útvara.

Útsvör eru yfirleitt orðin svo hár útgjaldaliður í seinni tíð, að gera verður kröfu til þess, að þeim sé ekki jafnað niður af handahófi. Gjaldendur verða að geta haft aðstöðu til þess að fylgjast með því, hvernig þau eru á lögð.

Í þessari frumvarpsgrein eru fyrirmæli, sem eiga að tryggja hvort tveggja: að niðurjöfnunarnefndir fari eftir föstum reglum og almenningur fái upplýsingar um, hverjar þær reglur eru.

Ákvæði greinarinnar falla bezt inn í efni útsvarslaganna með því að verða niðurlag 21. gr., af því að sú grein fjallar um framlagningu útsvarsskrár.

Um 3. gr.

Rétt þykir, að lög þessi öðlist þegar gildi og komi til framkvæmda við álagningu útsvara þetta ár, enda gert ráð fyrir, að ákvæði þau, er 1. gr. frumvarpsins miðast við, þ. e. skattfrelsi sparifjár, taki gildi með breyttum tekju- og eignarskattslögum samtímis.